# Foldaskóli 2025-2026 - 8. bekkur

## Kennsluáætlun – Danska

**Kennarar:** Erla Sigurþórsdóttir - erla.sigurthorsdottir@rvkskolar.is
Karen Björk Guðjónsdóttir - karen.bjork.gudjonsdottir@rvkskolar.is

**Námsefni:** *Tak* lesbók og *Tak* vinnubók A og B, smásögur/skáldsögur, málfræðiverkefni og annað ítarefni af netinu eða frá kennara auk danskra kvikmynda. Heimasíða dönskukennara í Foldaskóla er með tenglum á flest allt námsefnið ásamt öðrum gagnlegum tenglum er að finna á þessari vefslóð: https://sites.google.com/gskolar.is/danska-foldaskoli/heim

**Nám og kennsla:** Nám í dönsku byggir á færniþáttunum fjórum, lesskilning, hlustun, ritun og töluðu máli. Unnið er jafn og þétt með alla færniþætti og byggt ofan á þann orðaforða sem nemendur hafa á málinu en málfræði fléttuð inn í kennsluna. Nemendur takast á við fjölbreytt verkefni, ýmist einstaklings-, para- eða hópaverkefni. Nýttir eru ýmsir miðlar í kennslu á netinu svo sem Classroom og quizlet.com, námsleikir og efni af netinu auk hefðbundinna námsleikja og hlutverkaleikja. Nemendur geta farið inn á Quizlet vef 8.bekkjar hér á þessari slóð: https://quizlet.com/join/DdDNTyYfy en þar er að finna glósur úr flestum síðum sem við vinnum með í námsbókunum.

**Námsmat**: Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011/2013). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í hæfnikorti nemenda. Í dönsku eru námsmatsverkefni fjölbreytt s.s. í formi prófa, kannana, ritunarverkefna, veggmyndagerðar, viðtala, umræðuþátta samtala, kynningar, hlutverkaleikja og stuttmyndagerðar.
Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn og vinni þá heimavinnu sem lögð er fyrir hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta. Orðabækur eru aðgengilegar í skólanum, en æskilegt er að nemendur hafi aðgang að orðabókum heima. Ókeypis orðabók fyrir norðurlandamálin er að finna á þessum vef: https://islex.arnastofnun.is/is/. Gangi ykkur vel.

## Haustönn

| Hæfniviðmið – Að nemandi geti: | Lotur - viðfangsefni | Námsmat |
|---|---|---|
| • Skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.<br>• Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.<br>• **Skilið texta sem unnið hefur verið með og fundið afmarkaðar upplýsingar í** | ***Lota 1 – Hjemmet (5 – 6 vikur)***<br>• Lestur: *Tak* bls. 4 – 13 ásamt verkefnum sem fylgja í vinnubók.<br>• Hlustun: Tak hlustunarefni ásamt ítarefni frá kennara.<br>• Málfræði: Spurnarorð<br>• Talað mál: ýmsar talæfingar sem fylgja námsefni ásamt frá kennara | • Ritun bls. 6 og 9 í *Tak* lesbók sem skrifa á inn skjal sem merkt ritun inn í dönsku stílabókinni á Classroom<br>• Próf úr efni lotunnar |

| | | |
|---|---|---|
| **einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.** | | |
| • Skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans með stuðningi t.d. gátlista og fyrirmynda.<br>● Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.<br>● Tekið virkan þátt í hóp- og tvenndarvinnu og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.<br>● Undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel.<br>● Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>● Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>● Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.<br>● Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. | ***Lota 2 – Familien ( 5 – 6 vikur)***<br>● Lestur: Tak bls. 16 – 19, 22 og 24 ásamt verkefnum sem fylgja í vinnubók. Smásaga/skáldsaga.<br>● Hlustun: Tak hlustunarefni ásamt ítarefni frá kennara og dönsk kvikmynd<br>● Málfræði: Fornöfn<br>● Talað mál: ýmsar talæfingar sem fylgja námsefni ásamt efni frá kennara | ● Ritun bls. 17, Skila á Classroom stílabók<br>● Ættartré – hópverkefni.<br>● Kynna ættartréð á dönsku.<br>● Próf úr efni lotunnar bæði efni beint úr bók og efni sem byggir á orðaforða sem unnið hefur verið með en ekki textar beint úr bók. |
| ● Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi , t.d. gátlista og fyrirmynda.<br>● Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. | ***Lota 3 – Fritid og interesser ( 5 – 6 vikur)***<br>● Lestur: Tak bls. 26 – 29, 33 og 35 ásamt verkefnum sem fylgja í vinnubók.<br>● Hlustun: Tak hlustunarefni ásamt ítarefni frá kennara<br>● Málfræði: Nafnorð | ● Ritun bls. 29, 35. Skila á Classroom<br>● Samtalsverkefni<br>● Próf úr efni lotunnar |

| | | |
|---|---|---|
| • Haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda, notar algengustu orðasambönd.<br>• Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu. | • Talað mál: ýmsar talæfingar sem fylgja námsefni ásamt efni frá kennara | |

# Vorönn

| Hæfniviðmið – Að nemandi geti: | Lotur - viðfangsefni | Námsmat |
|---|---|---|
| • Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi , t.d. gátlista og fyrirmynda.<br>• Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.<br>• Flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.<br>• Tekið virkan þátt í hóp- og tvenndarvinnu og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.<br>• Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.<br>• Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta. Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. | ***Lota 4 - Fra barn til voksen ( 6 – 9 vikur)***<br>• Lestur: Tak bls. 50, 52 - 57 og 59 ásamt verkefnum sem fylgja í vinnubók. Smásaga<br>• Hlustun: Tak hlustunarefni ásamt ítarefni frá kennara<br>• Málfræði: Sagnorð<br>• Talað mál: Bls. 58 í lesbók og ýmsar talæfingar sem fylgja námsefni ásamt efni frá kennara | • Ritun bls. 56. Skila á Classroom.<br>• Ritun um mismun á fermingu á Íslandi og í Danmörk.<br>• Próf úr smásögu<br>• Próf úr efni lotunnar bæði efni beint úr bók og efni sem byggir á orðaforða sem unnið hefur verið með en ekki textar beint úr bók.<br>• Stuttmyndagerð<br>• Verkefni með kvikmynd |

| | | |
|---|---|---|
| ● Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>● Sýnt fram á að hann áttar sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.<br>● Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina. | | |
| ● Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>● Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>● Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.<br>● Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.<br>● Flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. | ***Lota 6 - Vi er forskellige ( 5 – 6 vikur)***<br>● Lestur: Tak bls. 60 - 62, 64 - 65 ásamt verkefnum sem fylgja í vinnubók. Ítarefni<br>● Hlustun: Tak hlustunarefni ásamt ítarefni<br>● Málfræði: Lýsingarorð<br>● Talað mál: ýmsar talæfingar sem fylgja námsefni ásamt efni frá kennara | ● Könnun úr efni lotunnar<br>● Kynning á einum hlut sem nemendur koma með að heiman<br>● Samtalsverkefni |

| | | |
|---|---|---|
| • Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu. | | |